

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 190/2012

2012/EES/70/38

frá 28. september 2012

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í  
viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 670/2011 frá 12. júlí 2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn hefur fallið úr gildi og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í sjöundu málsgrein inngangsorða að bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði bókunar 47 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 7. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1793/2003) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við í 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009):

„– **32011 R 0670**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 670/2011 frá 12. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 183, 13.7.2011, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 70. gr. a:

„EFTA-ríkin skulu, þegar þau eiga í hlut, fylgja málsmeðferðinni í staflið b) í 1. mgr. 70. gr. a, 2. mgr. 70. gr. a og 4. mgr. 70. gr. a.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 670/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 <sup>(3)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 183, 13.7.2011, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(\*)</sup> Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 46.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.